



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 21. maí 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Spretts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálm dóttir, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson, Katla Gísladóttir og Davíð Áskelsson.
Fjarverandi voru:.

1. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri er kominn í leyfi í fjórar vikur, Jónína og Sigurbjörn hitta framkvæmdastjóra og ræða yfirfærslu verkefna meðan á leyfinu stendur og fá aðgang að skjölum og gögnum til að geta haldið áfram að reka félagið án þess að trufla framkvæmdastjóra í leyfinu.

Mikilvægt að símanúmer Spretts sem að framkvæmdastjóri svarar í og netfang verði sinnt og svarað, sem og staðfestingu reikninga og útsendingu reikninga, einnig mikilvægt að safna saman fyrirspurnum sem koma inn.

2. Fjármál félagsins

Farið yfir stöðu fjármála og ýmis mál þeim tengd. Þörf á að senda út reikninga sem fyrst og stemma af bókhaldið, því hefur ekki verið sinnt sem skyldi.

3. Fundur JBV með bæjarstjóra Kópavogs

Fundur Jónínu með bæjarstjóra Kópavogs gekk mjög vel. Fundur með báðum bæjarfélögum er á dagskrá í haust. Þar væri gott að útlista nánar hvernig best er að halda áfram með félagshesthúsið.

4. Reiðvegir og rekstrarhringur

Mikil umræða hefur skapast um rekstrarhringi undanfarið hjá félagsmönnum, bæði með og á móti. Sigurbjörn ræðir málið við reiðveganefnd og Katla við öryggisnefnd og ákvörðun tekin í framhaldi. Málið verður tekið til allsherjar endurskoðunar fyrir næsta vetur.

5. Önnur mál

Davíð sendir upplýsingar um Lýðheilsumiðstöð íslenska Hestsins á stjórnina og útbýr aðgang að Sprotablar fyrir þá sem það þurfa.

Fundi slitið kl. 21:55

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson